

Fundargerð

Vatnajökulsþjóðgarður, stjórnarfundur

Stjórnunar- og verndaráætlun (sogv)

Símafundur haldinn þann 12. júlí 2010 kl. 13:00-15:30

Fundarmenn: Anna Kristín Ólafsdóttir, formaður
Böðvar Pétursson
Björn Ármann Ólafsson
Elín Heiða Valsdóttir
Hjalti Þór Vignisson
Magnús Hallgrímsson
Ólöf Ýrr Atladóttir
Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri
Þórunn Pétursdóttir
Árni Geirsson, ALTA
Halldóra Hreggviðsdóttir, ALTA

Dagskrá:

- Farið yfir tillögur að viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum um aðgengi frá Vestur- og Suðursvæði.
- Farið áfram yfir tillögur að svörum við athugasemdum og umsögnum.
- Ferlið framundan og næstu skref hvað það varðar.
- Önnur mál.

1. Viðbrögð við athugasemdum á Vestursvæði vegna aksturs

Elín Heiða kynnti niðurstöður úr ferð hennar og Snorra Baldurssonar um vegi og slóða (og ekki slóða!) á Vestursvæðinu, þar sem þau reyndu m.a. að fara leiðir sem bent hafði verið á sem hefðbundnar akstursleiðir í athugasemdum við Stjórnunar- og verndaráætlun. Fram kom að ófært hefði verið um hluta þeirra leiða sem bent hefði verið á og greinilegt að sumar leiðir væru einungis færar á snjó. Einnig kom fram að tillaga að vegi um Gjáfjöll í Stjórnunar- og verndaráætlun væri ófær að hluta. Elín Heiða kynnti því mögulegar breytingar þar á. Niðurstaða að stjórn mun fara um Vestursvæðið 26. og 27. júlí og skoða nánar leiðir.

2. Aðgengi í Hoffelsdal

Vegna þoku og leiðindaveðurs á svæðinu hefur Hjalti ekki enn komist í ferð. Umfjöllun því frestað framá næsta stjórnarfund.

3. Yfirferð yfir tillögur að svörum frá ALTA, byggt á umræðu frá síðasta fundi þann 2. 7.

Árni og Halldóra fóru yfir úrvinnslu á athugasemdum og umsögnum. Meðfylgjandi er vinnuskjal – DRÖG í vinnslu, dags. 12. 7. 2010, þar sem niðurstöður síðustu tveggja funda sjást í tillögum að svörum, ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem eftir á að svara.

4. Önnur mál

Magnús benti á að leiðrétta þyrfti að Vatnajökull væri stærri jökulbreiða en sú á Svalbarða. Halldóra verður í sambandi við Helga Björnsson og fær hann til að lagfæra.

5. Næstu skrefin

Stjórn stefnir að ferð um Vestursvæðið 26. og 27. júlí til að skoða aðgengismál. Næsti fundur stjórnar verður mánudaginn 16. ágúst frá 13 til 16. Haldinn verður símafundur.

Dagskrá m.a.:

- Aðgengi á Vestursvæði og í Hoffelsdal.
- Lokið við að fara yfir tillögur að svörum við athugasemdum og umsögnum.
- Farið yfir tillögur að breytingum á texta í Stjórnunar- og verndaráætlun frá ALTA.
- Næstu skref.

Halldóra fundarritari.

Sent: Fundarmönnum og Björgu Ágústsdóttur hjá ALTA.

VINNUSKJAL: Drög að svörum við athugasemdum og umsögnum – staðan eftir stjórnarfund þann 12. júlí 2010

Drög að svörum eru skrifuð með skáletri.

Svartur texti, er texti sem farið hefur verið yfir á stjórnarfundum og samþykktur.

Gular yfirstríkanir auðkenna atriði sem þarfnast nánari umræðu eða skoðunar

Vangaveltur og minnisatriði Alta eru með bláu lettri.

Athugasemdir um akstur og vegi

Almennt um vegakerfi

Vegakerfi á vestursvæði geri ráð fyrir verulegri fækkun akstursleiða og það sé í ósamræmi við skipulagsgögn Ásahrepps. Gert sé ráð fyrir vegum sem ekki er að finna á svæðisskipulagi miðhálandis. Rök skorti fyrir fækkun leiða og bent á að fækkun leiða takmarki verulega aðgang að náttúru þjóðgarðsins fyrir fjölskyldur, börn og þá sem ekki hafa líkamsburði til langra gönguferða. Það sé í ósamræmi við 2. gr. laga um þjóðgarðinn. Aðgangur þurfi að vera að búnaði fyrir rannsóknir og vöktun á ýmsum stöðum og farið er fram á að vegir verði merktir að þeim eða gert ráð fyrir undanþágu vegna slíks aðgangs. Ferðapjónustuaðilar vilja gjarnan geta boðið hringleiðir. Vegakerfið þurfi að taka mið af vaxandi umferð óreyndra ferðamanna.

Vegir og skipulagsáætlanir

Í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs er m.a. gerð grein fyrir einstökum verndaraðgerðum, vegum, reiðstígum, göngubrúum og helstu gönguleiðum, umferðarrétti almennings og aðgengi ferðamanna að svæðinu, eins og ákvæði 2. mgr. 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 mælir fyrir um. Í áætluninni er tekið af skarið um það hvaða leiðir eru opnar almennri umferð vélknúinna ökutækja. Þessar leiðir eru nefndar "vegir" í áætluninni en sú notkun orðsins felur í sér nokkuð víðari merkingu en þá sem ráða má af orðskýringum vegalaga og umferðarlaga, en þeim lögum ber reyndar ekki saman hvað þetta varðar. Áætlunin heimilar m.a. umferð vélknúinna ökutækja á leiðum sem hingað til hafa verið nefndar slóðir og skipulagsáætlanir hafa ekki tekið formlega afstöðu til. Þetta skýrir að mestu leyti þann mun sem er á vegakerfi þjóðgarðsins samkvæmt Stjórnunar- og verndaráætlun og skipulagsáætlunum sveitarfélaga og miðhálandis. Að öðru leyti mun þurfa að aðlaga skipulagsáætlanir að ákvæðum Stjórnunar- og verndaráætlunar.

Leiðir opnar vélknúnum ökutækjum

Þessu verður lokið á næsta stjórnarfundum í ágúst

Skv. 12. grein laga um Vatnajökulsþjóðgarð skal í verndaráætlun m.a. gerð grein fyrir vegum, umferðarrétti almennings og aðgengi ferðamanna að svæðinu. Nokkrar leiðir hafa verið farnar á ökutækjum undanfarna áratugi en í seinni tíð hefur umferð ökutækja um svæðið aukist til muna og kortlögðum akstursleiðum um þjóðgarðinn fjölgað að sama skapi. Kortlagning leiðanna virðist í mörgum tilfellum sprottinn af frumkvæði þeirra sem um landið fara með leiðsögutæki og leiðarferlum hefur síðan verið miðlað milli manna. Þótt aðgengi almennings að þjóðgarðinum með þessum hætti sé almennt af hinu góða er svo komið að fjölgun ökuleiða rekst á markmið náttúruverndar og áherslu á verndun víðerna með þeirri upplifun sem þau bjóða. (milda orðalag? .. NB: sjá hvað kemur fram e. stjórnarfund) Stjórn þjóðgarðsins hlaut því að taka af skarið á grundvelli málamíðlunar sem miðast við eftirfarandi meginreglur:

- hringleiðir - ein eða tvær leiðir - leið sé á hvern áfangastað -
- verndun náttúru og víðerna
- xxxx
- Eftirlit þarf að vera framkvæmanlegt

Aðgangur að rannsókna- og fjarskiptatækjum

Samkvæmt 17. gr. reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 608/2008 með síðari breytingu er að finna undantekningu sem heimilar að ekið sé utan vegar í þeim tilfellum sem þar eru tilgreind. Þetta ákvæði er áréttað í Stjórnunar- og verndaráætlun, auk skilyrða sem sett eru um slíkan akstur. Rannsóknir eru meðal þeirra tilvika sem reglugerðin veitir heimild fyrir. Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs telur eðlilegt að túlka þetta ákvæði reglugerðarinnar svo að innan þess rúmist t.d. akstur vísindamanna að rannsóknabúnaði og akstur vegna viðhalds og eldsneytisáfyllingar fyrir fjarskiptabúnað, enda séu skilyrði uppfyllt.

ATH Færa þarf texta í S&V til samræmis við reglugerð

Réttur almennings og aðgengi að þjóðgarðinum

Björg skoðar þetta svar nánar í samvinnu við Sigrúnu, lögfræðing á Umhverfisstofnun

Markmið með stofnun náttúruverndarsvæða svo sem Vatnajökulspjóðgarðs er að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar, eins og 2. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð gerir grein fyrir. Jafnframt er stefnt að því að gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru svæðisins. Nauðsynlegt er að mat (HÉR Í SOGV TEKNAR ÁKVARÐANIR BYGGÐAR Á MATI) fari fram á hverju svæði fyrir sig með hvaða hætti jafnvægi verður náð milli manns og náttúru þannig að ekki hljótist náttúruspjöll af. Markmið Íslenskra laga um náttúruvernd, hvað almennarétt varðar, eru að stuðla að aðgengi almennings að náttúrunni bæði á svæðum í einkaeign og öðrum svæðum á landi og á vötnum. Mismunandi reglur gilda eftir því hvers konar ferðamáta er um að ræða. Sögulegur réttur til umferðar almennings um tilteknar leiðir nær til fornra þjóðleiða en almennt ekki til annarra tiltekinnar leiða.

Athugasemdir sem snúa að almennum reglum um akstur og umferð

Vegir séu opnir öllum jafnt, bæði gestum á eigin vegum og þeim sem þjóna ferðafólki.

Meðal undanþágutilvika sem réttlæti utanvegaakstur komi björgunaraðgerðir undir stjórn björgunarsveita vegna fjáskorts lögreglu.

Skera þurfi úr um hver beri ábyrgð á viðhaldi, ástandi og umferð á vegum sem enginn veghaldari er fyrir.

Markmið um almenningssamgöngur leiði til ferða þyngri bíla sem valdi margföldu álagi og skaða.

Banna beri akstur sexhjóla, ef ekki í Stjórnunar- og verndaráætlun, þá í reglugerð.

Jafn réttur til umferðar um vegi

Í allmörgum athugasemdum var því andmælt að akandi gestir hefðu ekki allir sama rétt til að fara um vegi í þjóðgarðinum. Í auglýstri tillögu var skilmáli í þessa veru einungis varðandi einn veg, þ.e. veg um Heinabergsdal, sem er á eignarlandi. Tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun verður breytt þannig að þessi skilmáli fellur niður og vegurinn verður því opin fyrir almennri umferð. Allir hafi því sama rétt til umferðar um vegi innan þjóðgarðsins.

Veghald

Eins og áður er getið tilgreindir Stjórnunar- og verndaráætlun vegi sem opnir eru fyrir almennri umferð en hafa hingað til verið taldir til slóða og því ekki talist vegir í skilningi vegalaga.

Unnið er að því að koma öllum vegum innan þjóðgarðsins á vegaskrá.

Undanþága fyrir björgunaraðgerðir

Undanþágan er fyrir hendi. En: færur undanþáguklausuna til samræmis við 17. gr. reglugerðar.

ATH hér á eftir að orða svar en rétt að stjórn viti að strangt tekið eru björgunaraðgerðir eða aðrar athafnir sem bundnar eru undanþágu óheimilar utan landnýtingarsvæða skv. viðauka III.

Almenningssamgöngur

Bent var á í athugasemdum að með áherslum á auknar almenningssamgöngur mætti búast við stærri og þyngri ökutækjum sem yllu álagi á vegi langt umfram venjuleg ökutæki. Þetta er rétt en á hitt ber að líta að þjóðgarðsyrivöld geta takmarkað umferð slíkra farartækja, t.d. með vísun í öxulþunga, þar sem slíkt kann að eiga við.

Umferð sexhjóla

Það er vilji stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs að umferð sexhjóla verði bönnuð utan vega innan marka þjóðgarðsins. Því verður þó ekki við komið, að svo stöddu, vegna þess að í 28. grein reglugerðar um Vatnajökulspjóðgarð er vísað til reglugerðar um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands nr. 528/2005. Í 5. gr. þeirrar reglugerðar er að finna heimild til að nota sexhjól til að sækja felld hreindýr, við tilteknar aðstæður.

Hafa ber í huga að í 17. grein reglugerðar nr. 608/2008 eru veittar undanþágur frá almennu banni við akstri utan vega t.d. vegna landbúnaðarstarfa.


Athugasemdir um staka vegi og svæði

Ekki er æskilegt að stakir vegir séu teknir fyrir í svörum en rétt að fara yfir listann til að prófa þá meginreglu sem stjórnin styðst við, þegar hún liggur fyrir. Tekið fyrir á fundi í ágúst þegar stjórn hefur skoðað Vestursvæðið.

- Öskjuleið (F88): Andstæð sjónarmið komu fram um endurnýjun vegarins og því andmælt að gæsir ráðir opnunartíma.
- Vetrarakstur í Kverkfjöllum: Athugasemd er gerð við bann við vetrarakstri í Kverkfjöllum (ath hér er um mistök að ræða í tillögunni, ákvæðið á að vera í samræmi við reglugerð).
- Flæðurnar: Þær séu ekki hættulegri að vetri en að sumri.
- Leiðir á Lambatungnajökul og Fláajökul: Óraunhæfar vegna sprungna og jökulþýfis, jökulsporður síbreytilegur og myndun lóna. Veg vantar.
- Leið innst í Hoffellsdal að jökli við Gjánúpstind: Mikil spjöll á öröskuðu svæði. Leið á Skálafellsjökul fullnægjandi.
- Leið um Vonarskarð: Andstæð sjónarmið komu fram í athugasemdum. Annars vegar að löng hefð sé fyrir akstri þar, óveruleg landspjöll hljótist af völdum aksturs og auðvelt sé að aðskilja gangandi og akandi umferð.

Á hinn bóginn var tiltekið að truflun væri af völdum ökutækja, ekki síst mótorhjóla og að þegar hafi orðið skemmdir á gróðri.

- Leið inn Heinabergsdal: Mismunun er andmælt - allir eigi að hafa sama rétt til aksturs. Á hinn bóginn lögð til lokun fyrir ökutækjum.
- Leið frá Gæsavötnum, yfir vöð Hraunkvíslar, Rjúpnabrekkukvíslar og Skjálfandafjós að Hnýflum og Valafelli. Lokun andmælt enda löng hefð fyrir leiðinni og hún vinsæl meðal þeirra sem gista í skála Gæsavatnafélagsins.
- Vetrarakstursbann í Öskju: Lokun verði ekki miðuð við 1. maí heldur þegar snjóá leysi.
- Vikrafellsleið. Andstæð sjónarmið komu fram. Fyrir henni sé löng hefð og akstur hafi ekki orsakað skemmdir á landi. Leiðin sé falleg en göngufólk noti hana ekki. Leiðin gæti verið flóttaleið við náttúruhamfarir. Hins vegar spilli leiðin stóru víðerni norðan Dyngjufjalla. Góð leið liggir suður fyrir Dyngjufjöll.
- Leið af F910 sunnan Vaðöldu með Svartá. Hún sé að mestu í sandi og því óþarft að loka henni. Uppi á Vaðöldu sé tækjabúnaður sem krefjist þjónustu og því líklega mistök að loka leiðinni.
- Leið af F910 inn á leiðina um Dyngjufjalladal. Ekið sé um hraunhellur, sand og vikur; leiðarstytting um 20 km.
- Leið um gömlu vöðin á Gæsavatnaleið. Leiðin hafi mennigarsögulegt gildi.
- 18 slóðir sem nefndar eru í nokkrum athugasemdum:
 - a. "Leið 16" sunnan Gjárfjalla
 - b. Leið inn Heljargjarkverk
 - c. Leið frá Péturstorgi að Mána
 - d. Leið við Mána, Saxa og Font
 - e. Leið frá Þórisóssleið norðan Gjárfjalla að borholu í Hágönguhrauni
 - f. Leið frá Gjárfjallahring norður að Heljargjá
 - g. Veiðimannavegur frá Þórisóssleið niður í Botnavatn
 - h. Bárðargata inn undir Kerlingu og inn á Bárðargötu aftur
 - i. Frá borholu, nor'ur að Hágöngulóni um Hágönguhraun og Hraungil og síðan austur að Bárðargötu
 - j. Frá Rauðhól austan Köldukvíslar um Köldukvíslarfitjar
 - k. Leið um Sáttmálsörkina
 - l. Bláfjöll, frá Dór yfir Bláfjöll að Bárðargötu
 - m. Leið frá Bárðargötu við fossinn Fleygi yfir á Dórleið
 - n. Veiðimannaleið og Landsvirkjunarleið frá Þórisósi að Útigönguhöfða
 - o. Milli hrauns og hlíða.
 - p. Leið frá Péturstorgi að Mána (auðveldari en leið 3)
 - q. Leið um Helgrindadal
 - r. Styttingur í Veiðivatnahrauni.
 - s. (ATH 6 leiðir nefndar að auki sem eru að litlu leyti innan þjóðgarðs)
- Bárðargata, milli Jökulheima og Svarthöfða. Leiðin sé afar torfær og varasöm. Fullnægjandi aðkoma að Svarthöfða sé af Sprengisandsvegi. Bárðargötu ætti að skilgreina sem gönguleið frá Gjóstu í Jökulheima með göngubru á Sveðju. Án vegar gæti landið flokkast sem víðerni.
- Leið frá Jökulheimum um Gnapavað. Vaðið sé mjög varasamt. Hætta sé á utanvegaakstri að Sveinstindi og inn á norðanvert Lakagígasvæðið.
- Geldingafellsvegur frá Hraunaveituvegi að Geldingafelli: Hæpið að hafa veginn opninn fyrir almennri umferð enda vanti landvörslu á svæðinu. Þó mætti heimila flutning á vistum og búnaði í skála.
- Bergkvíslarkofavegur: Óljóst hvers vegna vegurinn skuli opinn almennri umferð. Gangnakofinn við Ytri-Bergkvísl sé hluti af menningarminjum og ekki til ániðslu fallinn.
- Leið að Svartá og Skínanda sem eru vinsælir áfangastaðir. Svartárbotnar þoli illa umferð og vegarstæði við hraunröndina við Skínanda sé heppilegra.
- Leið með Svartá. Óæskilegt að hefta aðgengi að Suðurá og Suðarárbotnum.
- Banni við akstri að skálum á Grímsfjalli og Esjufjöllum er andmælt.
- Leiðin inn við Blæng verði opin fyrir umferð en merkt sem torleið; þannig opnist áhugaverð hringleið.
- Vegur inn að Snæfelli um Maríutungur verði bættur og þannig veitt aðgengi að jöklinum.
- Vegur frá Botna að Stóruflesju verði lagfærður.
- Afréttarvegur að Dyngjufjalladal: Skýra þurfi umferðartakmarkanir á .
- Aksturbannsvæði á snjó við Öskju nái ekki yfir bílastæði við Vikraborgir.
- Veg frá Kelduárlóni að Geldingafelli beri að skilgreina sem þjónustuveg fyrir skála enda hafi svæðið verið ætlað göngufólki.
- Akstursbelti verði tilgreind á jökli og þar skilgreint víðerni.
- Tvær leiðir af Sprengisandsvegi vestur á sandinn í átt að Nýjadal. Athuga þarf hvort báðar leiðirnar eru nauðsynlegar.
- Leið milli Nýjadals og Svarthöfða. Núverandi leið illfær og ástæða til að stytta leiðina.
- Óljóst sé hvernig leiðir upp á jökul séu valdar og hvort óheimilt sé að fara upp á jökul annars staðar að sumarlagi.



Hjalti skoðar nánar hvort framlenging vegar inn fyrir Þjóðgarðsmörk í Hoffellsdal verði hugsanlega felld niður. Verður rætt á stjórnarfundum í ágúst.

Vestursvæðið skoðar vegi með stjórn.

Athugasemdir um umferð hesta og reiðleiðir

Ábendingar um reiðleiðakerfi þjóðgarðsins

Landssamband hestamannafélaga, Fljótsdalshreppur og fleiri telja að áætlunin skerði verulega möguleika á hestaferðum um þjóðgarðinn. Óskað er eftir þessum leiðum:

- Fljótsdalur-Fjallaskarð-Hrafnkelsdalur - um Dragamót að Sauðárkofa - Snæfellsskáli - um Þjófadall umhverfis Snæfell-Eyjabakkar - Laugarfell - Fljótsdalur. **ATH þessi leið er nú þegar sýnd á skýringarupprættinum**
- **VEGUR** Inn með Jökulsá í Fljótsdal í Geldingafell.
- Frá Gjallanda, um Vonarskarð, í Jökulheima. **Bönnuð hestaumferð um Vonarskarð?**
- **VEGUR** Frá Svarthöfða, vestur fyrir Hágöngulón.
- **VEGUR að suðurenda Hágöngulóns** Úr Nýjadal í Vonarskarð.
- **VEGUR** Gæsavatnaleið sem reiðleið.
- **VEGUR** Frá Flæðum í Dyngjuvalladal, þaðan í Suðurábotna og áfram að reiðleiðum í Svartárvatn.
- **VEGUR utan þjóðgarðs** Meðfram Háslóni, til norðurs, að Kárahnjúkum
- Úr Sauðárkofa norðan Snæfells og að Laugafelli

Að auki þurfi að skilgreina áningarstaði með 8-10 km millibili.

Því er enn fremur andmælt að leyfi þjóðgarðsvarðar þurfi til ef um stærri hópa en 20 hesta er að ræða, nær væri að miða við 40-50.

Ekki sé skýrt hvort einungis er heimilt að fylgja uppgefnum reiðleiðum eða hvort fara megi aðrar leiðir. Almennt þurfi að skýra reiðleiðir betur.

Heimila beri hestaumferð á leiðum sem ætlaðar eru til aksturs.

Hestaumferð á vegum og utan reiðleiða

Umferð á hestum er leyfð á þeim vegum sem skilgreindir eru í kafla 9.3 enda sé ekki um aðra reiðleið að ræða, fylgt sé greinilegu yfirborði vegar, stikum eða slóð vélknúinna ökutækja þar sem því verður við komið. Mikilvægt er að hafa í huga að gæta þarf ítrustu varúðar á fjölfarnari vegum, einkum þar sem vegur er greiðfær og búast má við hraðri umferð ökutækja.

Í 14. grein reglugerðar nr. 608/2008 segir svo um umferð á hestum:

Umferð hesta um þjóðgarðinn er heimil á skilgreindum eða merktum reiðleiðum. Umferð annars staðar telst því óheimil. Umferð hesta annars staðar en á skilgreindum og merktum reiðleiðum og á vegum, sbr. svar um umferð hesta á vegum hér fyrir ofan, er því óheimil.

Árétta þetta í reiðleiðakafli SogV.

Úrval reiðleiða og áningarstaða

Ábendingar bárust um reiðleiðir sem æskilegt væri að kæmu til viðbótar þeim sem tiltekna voru í auglýstri tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun. Á flestum þeim leiðum sem nefndar voru eru vegir, í skilningi Stjórnunar- og verndaráætlunar, þ.e. leiðir sem opnar eru vélknúnum ökutækjum fyrir almennri umferð. Þar sem umferð hesta á vegum er leyfð, eru þessar leiðir sjálfkrafa hluti af reiðleiðakerfi þjóðgarðsins.

Stefnt er að því að fjölga í áföngum áningarstöðum á sérstöku reiðleiðum.

ATH reiðleið skv beiðni Fljótsdalshrepps er þegar á skýringarupprætti en verður lýst betur í lista yfir reiðleiðir í textanum í Sogv.

Bregðast þarf við athugasemd um bann við hestaumferð í Vonarskarði

Hópfærðir á hestum

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs er bundin af skilgreiningu 4. greinar reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð, þar sem segir: Hópfærð á hestum er ferð þar sem fleiri en 20 hestar eru í för.

Athugasemdir um veiðar

Rök skorti fyrir takmörkunum á veiðum og að ýmis þau rök sem færð eru fram standist ekki, t.d. varðandi álag á viðkvæman gróður, varp og fjaðrafelli. Veiðum sé þegar stýrt á landsvísu og ekki þurfi sérstakar ráðstafanir innan þjóðgarðsins. Veiðitakmarkanir muni draga úr eftirspurn eftir þjónustu á nærsvæðum þjóðgarðsins. Takmarkanir flytji veiðiálag á önnur svæði og tímabil. Stofnar séu sterkir og sjálfsagt sé að nýta landsins gæði. Veiðar séu mikil upplifun

og veiðibráð hollur matur. Veiðimenn hafi sérstakar siðareglur. Göngumaður valdi sama álagi á gróður þótt hann beri skotvopn. Útivistarhópur sé því mismunandi þegar veiðibann er réttlætt með því markmiði að draga úr álagi á gróður. Gæs sé að mestu farin 1. september en milli 20. ágúst og 1. sept. séu fáir á ferli aðrir en veiðimenn. Hreindýraveiði sé lítil við Snæfell, gæsaveiði fari fram kvölds og morgna og rjúpnaveiði á frosinni jörð. Loforð hafi verið gefið við stofnun þjóðgarðsins um að hefðbundin landnýting yrði ekki skert. Minnkandi aðgangur að veiðum á eignarlöndum undirstriki mikilvægi almennaréttar.

Eðlilegast sé að veiði við Snæfell og á Vesturöræfum fylgi veiðitíma á kúm, þ.e. frá 1. ágúst, ef tímabundið bann á að vera á svæðinu.

Á hinn bóginn kom fram stuðningur við veiðibann og vakin var athygli á því að leiðir inn á umrætt svæði hafi opnast nýlega og því sé ekki um langa hefð þar að ræða.

Því er andmælt að skila skuli skrá yfir veidda refi og minka til þjóðgarðsvarðar. Sveitarfélög skili slíkum skráum til Umhverfisstofnunar og þjóðgarðsvörður geti aflað þeirra þar. Um refaveiðar komu fram sjónarmið um að ekki þurfi aðrar reglur í þjóðgarðinum en annars staðar og hins vegar spurt hvort nokkur ástæða sé til að leyfa refaveiðar á auðnum vestur- og norðursvæðis.

Bent er á að refur valdi usla í varpi votlendisfugla ekki síður en minkur og spurt hvort ekki sé markmið að eyða mink við Ástjörn fremur en að halda honum niðri. **(á að svara þessu?? en breyta texta í sogv)**

Hreindýra- og fuglaveiðar kringum Snæfell og á Eyjabökkum

Í tillögunni er afmarkað svæði þar sem óheimilt er að veiða hreindýr og fugla. Svæðið er 116 km² að stærð og því 0,9% af flatarmáli þjóðgarðsins alls eða 2,5% af flatarmáli þjóðgarðsins utan jökla. Markmiðið er að þar verði friðland á viðkvæmu svæði sem jafnframt er kjörið til náttúruskoðunar og útivistar. Í hlíðum Snæfells og hnjúkanna þar í kring er viðkvæmur gróður og til þess að almenningur geti notið útivistar án þess að valda tjóni á gróðrinum verður að stýra gangandi umferð inn á leiðir sem samræmast vel gróðurfari. Ekki er líklegt að veiðimenn eltist við bráð sína eftir slíkum leiðum. Kveðið er á um slíka stýringu gangandi umferðar í skilmálum fyrir svæðið, sjá kafla 9.1. Stjórn þjóðgarðsins vonast til þess að útivistarfolk og skólahópar nýti sér þessa útivistarperlu í vaxandi mæli og þá verður skotveiði, með tilheyrandi hættu og hávaða, að víkja.

Hreindýraveiðar hefjist 15. ágúst á Snæfellsöræfum

Áratugahefð er fyrir því að hreindýraveiðar hefjist ekki á þessu svæði fyrr en 15. ágúst til að tryggja hreinkúm með kálfa tímabundið griðland. Sífellt fleiri ferðamenn leggja leið sína inn á hálendið seinni hluta júlímánaðar og fram í ágúst enda eru Snæfellsöræfi kjörin til gönguferðamennsku og náttúruskoðunar, þ.m.t. hreindýraskoðunar. Að stunda hreindýraveiðar á sama svæði getur skapað hættu auk þess sem friðsæld svæðisins yrði raskað með skothvellingum og vélknúinni umferð veiðimanna.

Gæsaveiðar hefjist 1. september

Rannsóknir sýna **(sjá m.a. gögn Náttúrustofu Austurlands)** að heiðagæsin á þessu svæði verpir seint vegna snjóá og ungarinn eru því seinna fleygir en út á Fljótsdals- og Fellaheiði. Þetta hefur meðal annars breyst á Vesturöræfum með tilkomu Háslóns þar sem gæsinnar hafa ekki lengur varpsvæði nema ofan við vatnsborðslínu. Dvalartími gæsa á svæðinu er mjög háður veðurfari og engan veginn er hægt að slá því föstu að gæs sé farin af svæðinu 1. september.

Athugasemdir um verndarflokka og verndun einstakra svæða, beit og víðerni

Verndarflokkun skv. kerfi IUCN

(Ath. allnokkrir komu með ath.s. við IUCN flokkunina og þau atriði sem bent er á hér og voru sumar ath.s. nokkuð ítarlegar og tæknilegar. Einnig gætti sums staðar nokkurs misskilnings um hvers eðlis flokkunarkerfi IUCN er.)

Nokkrir aðilar bentu á að flokkun hluta þjóðgarðsins í verndarflokk VI "verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda" skv. alþjóðlegu flokkunarkerfi Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN, gefi ekki rétta mynd af þessum svæðum eða þjóðgarðinum í heild. Þau svæði sem þar falli undir, séu að stórum hluta ofbeitt og því óhæf til beitar en náttúrufar þar jafnframt einstakt. Því beri að leggja megin áherslu á verndun náttúruauðlinda á þeim svæðum. Tilgreiningin stangist því á við markmið flokks VI og lýsi metnaðarleysi. Bent var á að fremur ætti að líta til flokka svo sem II; "þjóðgarða", Ia; "verndarsvæði með strangri vernd", Ib; "víðerni" eða III; "natural monument/náttúruvætti" í því sambandi, eftir stöðum. Einnig var lagt til að fylgt yrði tillögu svæðisráða um að allur þjóðgarðurinn verði felldur undir flokk II. Fram komu tilmæli um að flokka svæði svo sem jökulhettuna, Tungnáröræfi ofl. undir flokk Ib og spurt af hverju flokkur Ib - víðerni hjá IUCN, sé ekki nýtt? Auk þess komu fram ábendingar um að tilgreining og framsetning í stjórnunar- og verndaráætlun í verndarflokka IUCN sé óskýr og því óljóst hvort farið sé að reglum IUCN hvað það varðar, svokölluð 75% regla nefnd í því sambandi. Bent var á að ekki væri alltaf ljóst í Stjórnunar- og verndaráætlun hvernig hefðbundinni landnotkun skuli stýrt innan þeirra svæða sem sett eru í verndarflokk VI. Einnig væri óljóst hvort

að svæðum verði eingöngu stýrt skv. mismunandi verndarflokkum IUCN, "þ.e. verndarflokkar IUCN hafðir til viðmiðunar við stýringu, eða sett í viðkomandi verndarflokk. Þar er munur á." Samhliða þessu komu fram ábendingar um að hugsanlega mætti friða gróðurvinjar á Vestursvæði fyrir búfjárbreit.

Vatnajökulsþjóðgarði verður stýrt samkvæmt Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, ásamt lögum og reglugerðum um þjóðgarðinn. Við stefnumótun og landnotkunarákvæðanir í Stjórnunar- og verndaráætlun hefur annars vegar verið sett fram almenn stefna um stjórnun þjóðgarðsins alls, sem birtist í köflum 4 til 7, um hlutverk, leiðarljós, framtíðarsýn og markmið og hins vegar landnotkunarskilmálar um tiltekin svæði í kafla 9, þar sem settir hafa verið rammar um verndun og viðhald, m.a. með ákvæðum um umferð og umgengi.

Flokkun þjóðgarðsins í verndarsvæði skv. flokkunarkerfi IUCN, eins og fram kom í tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun og kveðið er á um í lögum, er til þess fallin að setja þjóðgarðinn í samhengi við önnur alþjóðleg verndarsvæði og sýna áherslur í verndun og nýtingu tiltekinna svæða. Flokkunin er því ekki stjórntæki sem slík. Hins vegar hefur verið fylgt leiðbeiningum frá IUCN um gerð verndaráætlana og leitað til ráðgjafa sem starfar á þeirra vegum og þekkir vel til aðstæðna á Íslandi, bæði hvað varðar nálgun, áherslur og mögulega skiptingu þjóðgarðsins í nokkra verndarflokka IUCN. Svæðaskiptingin, eins og hún er í auglýstri tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun, fellur því að flokkunarkerfi IUCN.

Flokkunarkerfi IUCN á verndarsvæðum fellur ekki beint að flokkun friðlýstra svæða eins og hún er skv. íslenskum náttúruverndarlögum. Það gefur ramma og leiðbeinir um hvernig marka má stefnu um verndun og landnýtingu skv. þeirra flokkun, óháð eignarhaldi eða lagalegum ramma þeirra svæða sem um er fjallað. Nauðsynlegt sé þó að verndarsvæði sem flokkuð eru skv. IUCN séu vel afmörkuð og að stofnsetning þeirra og viðhald eigi sér fótfestu í lögum, samningum eða með öðrum formföstum hætti, t.d. í skipulagsáætlunum.

Ljóst er, eins og bent hefur verið á og svæðisráð lögðu til, að þjóðgarðurinn nú uppfyllir skilyrði sem sett eru fyrir flokk II, "þjóðgarða" hjá IUCN. Þar sem eitt helsta markmið flokkunar IUCN er m.a. að sýna áherslur og markmið verndarsvæða og þróun þeirra til framtíðar, þá þykir stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs mikilvægt að gefa til kynna, hvernig þjóðgarðurinn getur þróast og stækkað í samráði og samstarfi við heimamenn og aðra, með sjálfbæra nýtingu samhliða vernd að leiðarljósi. Eftir því sem þjóðgarðurinn stækkar verði svæðum stýrt í samræmi við ólík markmið og þá þurfi í hverju tilfalli fyrir sig að ákveða hver meginmarkmið með verndun skuli vera. Þar koma aðrir flokkar en flokkur II til greina, t.d. á landbúnaðarsvæðum. Þannig verði hægt að samræma og sætta betur ólíka hagsmuni, sem þó allir miða að því að vernda landið til framtíðar. Þess vegna var ákveðið að lýsa markmiðum með stjórnun þjóðgarðsins með vísun í fleiri en einn flokk, án þess þó að veita nokkurn afslátt af þeirri verndun, sem nauðsynleg er talin fyrir sjálfbæra þróun þjóðgarðsins til framtíðar. Í viðauka III við reglugerð nr. 608/2008, um Vatnajökulsþjóðgarð, sem sett var við stofnun hans eru skilgreind svæði, þar sem hefðbundin landnýting er heimil. Í 26. gr. þeirrar reglugerðar 1. og 2. tl. segir: "Hefðbundin landnýting, svo sem búfjárbreit, fuglaveiði, hreindýraveiði og veiði í ám og vötnum, er rétt höfum heimil á þeim svæðum sem afmörkuð eru í viðauka III enda séu uppfyllt ákvæði þeirra laga sem um nýtinguna fjalla. Annars staðar á þjóðgarðinum er slík nýting óheimil. Landnýting innan þjóðgarðsins skal vera sjálfbær, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð." Heimild til hefðbundinnar landnýtingar, m.a. sjálfbæra beit, er því til staðar á þessum svæðum og stjórn þjóðgarðsins óheimilt að víkja frá þeim ákvæðum í Stjórnunar- og verndaráætlun, nema í tilfellum þar sem sýnt hefur verið fram á ósjálfbæra nýtingu. Hvort beitarstýring er sjálfbær ræðst af mati á beitilandi skv. reglugerð nr. 10/2008 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Komi í ljós að beit sé ósjálfbær og valdi hnignun gróðurs sbr. ofangreint, er beit takmörkuð á tilteknum svæðum og er það nú þegar gert. Ákvörðun stjórnar um að fella ofangreind svæði skv. reglugerð í flokk VI í tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun endurspeglar þá ákvörðun sem þegar liggur fyrir í ofangreindri reglugerð. Rétt er að ítreka að þótt svæðin séu flokkuð með þessum hætti má setja öll þau verndarákvæði sem þurfa þykir á einstaka staði eða smærri svæði og því alls ekki slegið af verndarkröfum.

Varðandi ábendingar um að nota flokk Ib "viðerni" hjá IUCN, þá kemur vetrarakstur sem heimill er í nær öllum þjóðgarðinum á snjó, í veg fyrir að sá flokkur sé notaður, þar sem sérstök áhersla er lögð á það í viðernisflokki IUCN að vélknúnum faratækjum sé haldið utan þeirra svæða. Ýmist var lagt til að jökulhettan sjálf félli undir flokk Ib, II eða III og einnig minnst á Lakagígassvæðið sem mögulegt svæði III. IUCN leggur til í sínum leiðbeiningum að svæði sem mögulega falli undir flokk II séu sé "stór heildstæð svæði" en svæði undir III séu tiltölulega lítil og afmörkuð. Þar er einnig lagt til að nota flokk II eins og framast sé unt og afmarka þá frekar tiltekin afmörkuð svæði með strangari

verndarákvæðum, eins og t.d. gert er í Esjufjöllum sem falla í flokk Ib.

Í framhaldi af athugasemdum og ábendingum varðandi skiptingu þjóðgarðsins skv. verndarflokkum IUCN, þá fellst stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs á þau rök að flokkun svæða á Vestur-, Norður- og Austursvæði þjóðgarðsins í flokk II, gefi raunsannari mynd af framtíðaráherslum og markmiðum í verndun og nýtingu þessara svæða, þrátt fyrir að þau séu skilgreind sem svæði fyrir sjálfbæra nýtingu í reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð. Því hefur stjórn þjóðgarðsins ákveðið að breyta fyrri tillögu sinni og fella þau undir flokk II í stað flokks VI áður í staðfestri útgáfu sinni. Hoffellssvæðið og Heinabergssvæðið verða eftir sem áður flokkuð í flokk VI og gefa með því fordæmi á öðrum slíkum svæðum sem kunna að falla undir stjórn þjóðgarðsins í framtíðinni. Á slíkum svæðum sé sérstök áhersla á sjálfbæra landnýtingu samhliða verndun, t.d. landbúnað og sjálfbæra ferðaþjónustu.

Ath. rætt um að stytta mögulega þessa umfjöllun.

Eyjabakkar

Geta beri um Ramsar tilnefningu Eyjabakka og afleiðingar hennar. Óljóst sé hvaða ákvæði sé vísað í vegna veiðitakmarkana í skilmálum fyrir Eyjabakka.

Bent var á að ekki væri minnst á Ramsar tilnefningu Eyjabakka þar sem fjallað er um svæðið í kafla 9.1. Upplýsingum þar að lútandi verður bætt við skilgreiningu svæðisins í Stjórnunar- og verndaráætlun.

Esjufjöll

Ferðaþjónustufyrirtæki nýti sér gistimöguleika í Esjufjöllum og þurfi að geta gert það áfram.

Vísað er til heimildar Jökklarannsóknafélagsins til leigu á gistirympi í skála félagsins í Esjufjöllum og vakin er athygli á því að NÍ noti Esjufjöll til rannsókna á þróun lífríkis í jökulskeri.

Ljóst er að skv. 16. gr. reglugerðar nr. 608/2008 með breytingu skv. reglugerð 755/2009 að akstur er óheimill í Esjufjöllum og jökulhettunni umhverfis sbr. hnit ferhyrmds svæðis sem gefin eru upp.

Askja

Spurt er í hvaða tilfellum veita megi undanþágu til að tjalda í Öskju.

Árni skoðar þetta betur með Hjörleifi Frá Hjörleifi:

Undanþágur gætu verið gefnar vegna rannsókna, leiðangra og annara sérstakra aðstæðna. Með ögfugum formerkjum má segja að ég myndi íhuga allar undanþágur og veita ef þær uppfylla 2 skilyrði:

1. Ef tjöldun hefur engin áhrif á ásýnd og náttúrufar svæðisins
2. Ef tjöldun hefur engin áhrif á Ferðahegðun þeirra ferðamanna sem annars heimsækja öskju.

T.d. myndi ég alltaf veita leyfi til vetrartjöldunar. Sumartjöldun yrði skilyrt með nákvæmri staðsetningu.

Árni talar við Hjörleif til að fá nánari útskýringar - kemur til greina að banna alveg?

Ýmsar athugasemdir

Tjöldun

Andmælt er mismunun sem kemur fram í því að akandi gestir mega ekki tjalda til einnar nætur utan skipulagðra tjaldsvæða, eins og gangandi ferðamenn. Það skerði verulega möguleika akandi gesta til að upplifa náttúruna og ferðast með fjölskyldur. Ennfremur sé gisting á þjónustusvæðum aðeins í boði eins ferðaþjónustuaðila sem ráði verðlagningu að vild. Ákvæðið útiloki trússferðir sem njóti vaxandi vinsælda.

Allmargir gerðu athugasemd við það að aðeins göngufólki væri heimilt að tjalda til einnar nætur utan skipulagðra tjaldsvæða. Þannig væri gestum þjóðgarðsins mismunað eftir ferðamáta og gert að kaupa þjónustu þess ferðaþjónustuaðila sem starfar á hverjum slíkum stað. Ákvæðið útiloki líka trússferðir innan þjóðgarðsins, þar sem farangri göngufólks er ekið á milli áfangastaða.

Um þetta gildir 10. grein reglugerðar nr. 608/2008 þar sem segir: "Fjarri skipulögðum tjaldsvæðum er fólki sem ferðast fótgangandi með allan farangur sinn þó heimilt að tjalda hefðbundnum göngutjöldum til einnar nætur." Þessi takmörkun hefur því verið í gildi í tvö ár. Stjórn þjóðgarðsins getur ekki farið framhjá þessu ákvæði í Stjórnunar- og verndaráætlun en mun fara fram á það við umhverfisráðuneytið að ákvæðið verði rýmkað. Á hinn bóginn telur stjórn þjóðgarðsins að

heimild reglugerðarákvæðisins nái þó einnig til þeirra sem ferðast á reiðhjóli enda fara þeir fyrir eigin afli og fara svo hægt yfir að ekki sé hægt að gera ráð fyrir því að þeir nái milli skipulagðra tjaldsvæða á einum degi.

Þjóðgarðsmörk

Þjóðgarðsmörk fylgi farvegi Köldukvíslar milli Hágöngulóns og Sauðafellslóns og bent er á að Landsvirkjun líti svo á að mörkin hafi ekki áhrif á framtíðarvirkjunarkost við Skrokköldu eða stýringu á rennsli Köldukvíslar.

Fram kom ábending um það að þjóðgarðsmörk væru miðuð við farveg Köldukvíslar, en hann kynni að taka breytingum. Þjóðgarðurinn mun vinna að því í samstarfi við umhverfisráðuneytið að horfið verði frá skilgreiningu þjóðgarðsmarka með vísun í vegi, árfarvegi og þess háttar, en þjóðgarðsmörk verði þess í stað eingöngu skilgreind með tölusettum hnitum.

Rannsóknaleyfi

Vísað er til ákvæðis í 10. kafla um að rannsóknir innan þjóðgarðsins séu háðar leyfi þjóðgarðsvarðar og bent á að iðnaðarráðherra sé heimilt að hafa frumkvæði að og/eða láta rannsaka auðlindir í jörðu. Þetta vald hafi Orkustofnun verið falið.

Orkustofnun vísar til ákvæðis í 10. kafla um að rannsóknir innan þjóðgarðsins séu háðar leyfi þjóðgarðsvarðar og bendir á að skv. 4. gr. laga nr. 57/1998 sé iðnaðarráðherra heimilt að hafa frumkvæði að og/eða láta rannsaka og leita að auðlindum í jörðu. Þetta vald hafi Orkustofnun verið falið. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs vill hins vegar benda á að taka þarf tillit til lagaskila og þess hvaða aðrar nauðsynlegar forsendur þurfi að vera fyrir hendi þegar rannsóknaleyfi af þessu tagi er veitt. Líta verði til ákvæða náttúruverndarlaga þegar friðlýst svæði eiga í hlut eða svæði sem um gilda sérlæg, svo sem Vatnajökulspjóðgarð. Stjórn þjóðgarðsins væntir góðs samstarfs við opinbera aðila sem um þessi mál fjalla.

[\(Alta er að skoða hvort Orkustofnun er umsagnaraðili, eða ekki ...\)](#)

Vöktun og rannsóknir

Bent er á að ekki sé minnst á grunn- og vöktunarrannsóknir á vatnafari í 10. kafla en þær hljóti að vera mikilvægar vegna undirstöðuhlutverks vatns í náttúrunni og breytinga á vatnafari sem vænta megi vegna veðurfarsbreytinga.

Bent er á að í 10. kafla sé ekki tekið á vöktun og rannsóknum á eldstöðvum og virkni þeirra þótt þess sé getið í 3. kafla að innan þjóðgarðsins séu nokkrar af virkustu eldstöðvum landsins.

Fram komu ábendingar um að rannsóknir og vöktun á vatnafari og eldvirkni væri ekki getið í 10. kafla tillögunnar. Þessum atriðum verður bætt við Stjórnunar- og verndaráætlun.

Orkumannvirki

Kröflulína 2 sker þjóðgarðinn og Kröflulína 3 mun liggja samsíða henni.

Jarðgufuvirkjun í Sveðjuhrauni

Háspennulína frá jarðgufuvirkjun í Sveðjuhrauni að Sprengisandslínu

Háspennulína frá Skjálfandafhljóti

[ath. orðalag...](#)

Bent var á að ekki væri getið um ýmis orkumannvirki í tillögunni.

Kröflulína 2 er ekki innan þjóðgarðsmarka og Kröflulína 3 mun liggja samsíða Kröflulínu 2.

Á svæði austan Hágöngulóns er gert ráð fyrir jarðgufuvirkjun. Á svæðisskipulagi miðhálandis er svæðið tilgreint sem "fyrirhugað orkuvinnslusvæði" en á aðalskipulagi Ásahrepps er skipulagi frestað á sama svæði. Mjög lítill hluti þessa svæðis er innan þjóðgarðsmarka. Stjórn þjóðgarðsins gerir ráð fyrir því að við endurskoðun þjóðgarðsmarka verði þeim hnikað til þannig að orkuvinnslusvæðið verði allt utan þjóðgarðsins.

Gert er ráð fyrir háspennulínu frá orkuvinnslusvæðinu austan Hágöngulóns, norður með austurbakka lónsins og síðan í vestur í átt að fyrirhugaðri Sprengisandslínu. Þetta línustæði er utan þjóðgarðsmarka.

Einnig er í skipulagsáætlunum gert ráð fyrir háspennulínu frá virkjun í Skjálfandafhljóti, til austurs um Ódáðahraun, nyrst í þjóðgarðinum. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs kys að gera ekki ráð fyrir þessari háspennulínu í Stjórnunar- og verndaráætlun. Vakni áhugi á að nýta þennan virkjunarkost verði fjallað sérstaklega um línustæðið í stjórn þjóðgarðsins og þá Stjórnunar- og verndaráætlun breytt ef þurfa þykir.

Samráð

Samvinnunefnd um miðhálandi Íslands

Ýmis útivistarfélag

Vísað er í Árórsáttmálann og ófullnægjandi samráði við ýmsa hagsmunahópa andmælt. Spurt um samráð við erlenda sérfræðinga.

Náttúrufr.stofnun - ath.

Í allmörgum athugasemdum kemur fram að samráð við ýmis útivistarfélag við mótn áætlunarinnar hafi verið ófullnægjandi, oft með vísun í Árórsasamninginn. Þeim samningi er ætlað að tryggja aðkomu almennings að

ákvæðanatöku stjórnvalda í umhverfismálum. Þótt innleiðingu samningsins sé ekki lokið með lagasetningu er í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð gert ráð fyrir aðkomu fulltrúa útivistarfélaga. Kveðið er á um að í svæðisráðum sitji sex fulltrúar, þar af einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af ferðamálasamtökum á viðkomandi svæði, einn fulltrúi tilnefndur af útivistarsamtökum og einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum. Í stjórn þjóðgarðsins á einn fulltrúi tilnefndur af útivistarsamtökum áheyrnaraðild. Ljóst er að með þessu fyrirkomulagi hafa útivistarsamtök góða aðstöðu til að fylgjast með mótun áætlana og hafa áhrif á innihald þeirra, enda var það tilgangurinn með þessum ákvæðum við lagasetninguna. Það hlýtur að vera í verkahring og á ábyrgð fulltrúa þessara samtaka að miðla upplýsingum til umþjóðenda sinna og afla upplýsinga um afstöðu þeirra, eftir atvikum og að sama skapi geta samtökin nýtt sér fulltrúa sína til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, að eigin frumkvæði. Að öðru leyti er vísað til þess sem fram kemur í 1. kafla tillögunnar um samráð við mótun hennar. Einnig er að finna í gögnum svæðisráða ítarlegar upplýsingar um þá fjölmörgu fundi sem haldnir hafa verið. Nefna má eftirfarandi, sem dæmi:

- Svæðisráð austursvæðis byggði tillögur um opnar leiðir fyrir ökutæki m.a. á samráði við hagsmunaaðila sem efnt var til í tengslum við gerð aðalskipulags Fljótsdalshéraðs.
- Á austursvæði voru haldnir opnir fundir með almennum umræðum.
- Svæðisráð austursvæðis hélt sérstaka fundi með skotveiðifélögum og félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum.
- Á norðursvæði voru haldnir fjórir opnir fundir um ýmis mál varðandi mótun áætlunarinnar. Á tveimur þeirra störfuðu vinnuhópar.
- Á vestursvæði voru haldnir fjórir opnir fundir til að kynna hugmyndir og samantekt var send til ýmissa aðila, m.a. SAMÚT.
- Famkvæmdastjóri þjóðgarðsins og fulltrúi útivistarsamtaka í stjórn áttu fund með Ferðaklúbbnum 4x4 í apríl 2010 þar sem farið var yfir drög að Stjórnunar- og verndaráætlun.

Samráð við Samvinnunefnd um miðhálendi Íslands

Samvinnunefnd segir í umsögn sinni að ekkert samráð hafi verið haft við nefndina við mótun áætlunarinnar en hún hafi skipulagsvald á svæðisskipulagsstigi. Í umsögn nefndarinnar er vísað í tvær kynningar sem nefndin hafi fengið, í fyrria skiptið um lög og reglugerð og hið síðara um verndaráætlunina. Ekki hafi verið formlega leitað eftir álit eða óskað eftir ábendingum og hugmyndum nefndarinnar.

Svar:

Það er matsatriði hvenær samráð er nægilegt og varla hægt að halda því fram að samráðið hafi ekkert verið þegar nefndar eru í sömu andrá tvær kynningar sem Samvinnunefndin fékk. Hafa ber í huga að Samvinnunefnd hefur starfað um árabíl og skilað af sér ítarlegum gögnum um skipulag miðhálandisins, sem að sjálfsgöðu voru höfð til hliðsjónar við mótun tillagna. Ætla má að þar komi fram helstu sjónarmið nefndarinnar.

Hafa ber í huga að auglýsing eftir umsögnum athugasemdum við tillöguna er hluti af samráðsferlinu.

Náttúrufræðistofnun

Hafa ber í huga að auglýsing eftir athugasemdum við tillöguna er hluti af samráðsferlinu.

(Á eftir að móta svar) - Höfum greinargerð frá Stellu

Gjaldtaka

Trausti las vel yfir

Þjónustusvæði

Þrjú þjónustusvæði eru tilgreind sem ekki er að finna á svæðisskipulagi miðhálandis: Við Gjóstuklif, við Gjallanda og á Goðahrygg.

Vafasamt sé að hafa vetrariþróttasvæði við Goðahrygg vegna veðurfars.

Erfitt yrði að komast í skála á Gjánúpstindi mikinn hluta ársins.

Halda beri fjölda skála á Eyjabökkum í lágmarki vegna upplifunar sem þar er.

Í staðfestri útgáfu Stjórnunar- og verndaráætlunar er vetrariþróttasvæði á Goðahrygg fellt niður en áfram er gert ráð fyrir þjónustusvæðum við Gjóstuklif og Gjallanda þótt þau sé ekki að finna í skipulagsáætlunum. Einnig er gert ráð fyrir skála við Gjánúpstind en augljóslega verður ekki alltaf auðvelt að komast að honum frekar en t.d. skálum á jökli. Gert er ráð fyrir því að skipulagsáætlanir verði lagaðar að stefnu þjóðgarðsins.

Þótt gert sé ráð fyrir nýjum gönguskálum austan Snæfells munu þeir verða þannig staðsettir að þeir spilli ekki upplifun á Eyjabökkum. (ATH sé ekki Snæfellsbúðir á korti)

Skógrækt og uppgæðsla

Gerðar eru athugasemdir við eftirtalin atriði:

- Eindregna afstöðu um að lúpínu og framandi ágengum tegundum skuli eytt. Það geti verið kostnaðarsamt og tilgangslítið; nær væri að meta ógn af slíkum hverju sinni og miða aðgerðir við útkomu slíks mats.
- Geta beri um eignarhald Skógræktar ríkisins á Ásbyrgi og framkvæmdir þar séu háðar samþykki hennar. Samstarf Skógræktarinnar og þjóðgarðsins hafi verið gott.
- Að barrtré séu sögð skyggja á útsýni í Ásbyrgi, það eigi við um fleiri tegundir.
- Hafnað er tvískiptingu trjágróðurs í texta um markmið og skilmála varðandi Ásbyrgi, í birkiskóg annars vegar og erlendar trjátegundir hins vegar. Reyniviður og erlendar tegundir séu hluti af líffræðilegri fjölbreytni skógarins. Lögð er til breyting á texta.
- Gert verði ráð fyrir gróðursetningu birkis á landgræðslusvæði í Grjóthálsi og Hestatorfum.
- Ösp í Lambhaganum í Skaftafelli hafi verndargildi hún verði ekki fjarlægð.
- Lagt er til að stuðlað verði að aukinni útbreiðslu birkiskóga.
- Óþarft sé að koma í veg fyrir útbreiðslu erlendra trjátegunda í birkiskógum.
- Rangt sé að gera ráð fyrir því að takmörkuð beit geti átt þátt í að eyða lúpínu í Morsárdal. Beit hefði meiri áhrif á birki en lúpínu.
- Lagt er til að hætt verði við allar tilraunir til að breyta aurnum í Morsárdal í ónáttúrulegt graslendi með beit. Þess í stað verði lúpínan skyggð út með birkiskógi á kerfisbundinn hátt með blöndu af slætti og gróðursetningu birkis þar sem það hefur ekki þegar sáð sér. Ef kindur taki að leita inn í Morsárdal sé ekkert annað í stöðunni en að girða á mörkum þjóðgarðsins.

Athugasemdir komu fram varðandi þá stefnu að eyða beri framandi, ágengum tegundum úr flóru þjóðgarðsins. Samkvæmt tillögu umhverfisráðuneytisins sem tekin verður fyrir á komandi hausti skal uppræta tegundir eins og Alaskalúpínu innan þjóðgarða og áherslur Stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs eru því í fullu samræmi við markmið ráðuneytisins. Texti í kafla 9.1.1. (svæði með lúpínu og öðrum framandi tegundum) var engu að síður endurskoðaður og lagfærður að teknu tilliti til framkominna athugasemda. Texti í kafla 9.1.2. (skógur í Ásbyrgi) var að sama skapi endurskoðaður og lagfærður að teknu tilliti til framkominna athugasemda.

Aðrar athugasemdir lutu að verndun náttúrulegs gróðurfars, beitarfriðun og hvernig mætti stuðla að frekari útbreiðslu birkis innan þjóðgarðsins en ekki var talin þörf á að hnykkja frekar á þeim atriðum en nú þegar er gert í áætluninni.

Á stjórnarfund 12. júlí var farið yfir tillögu Þórunnar að orðalagsbreytingu fyrir lúpínusvæði og skóg í Ásbyrgi og þær samþykktar með lítilsháttar breytingum. Verður fært í S&V en svar við umsögn Skógræktarinnar er hér fyrir ofan.

Tengsl við skipulag

ATH þetta er enn í vinnslu. Verður lokið fyrir stjórnarfund í ágúst.

- Vísað er í ákvæði um skipulag og leyfisveitingar í kafla 2.4 og spurt hvort umsögn stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs sé ekki nægileg sem samþykki fyrir skipulagsbreytingum, hvort það þurfi að samþykkja skipulagstillögur sérstaklega líka?
- Vísað er til ákvæðis um útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við bráðabirgðaákvæði skipulags- og byggingarlaga og áréttað með vísun í bréf Skipulagsstofnunar að það eigi aðeins við um stakar framkvæmdir þegar deiliskipulag vanti en svæðis- eða aðalskipulag liggja fyrir.
- Vísað er til orðalags um bestu tækni við gerð deiliskipulags og hönnunar mannvirkja og spurt hver sé dómber á besta tækni. **(Þetta er í kafla 9.4.1. - þjónustusvæði, almenn ákvæði)**
- Ekki sé ástæða til að telja upp hvað eigi að koma fram í deiliskipulagsáætlunum enda sé það tilgreint í skipulags- og byggingarlögum.

Svar

- BÁ: ath hvaða forsendur voru gefnar, er umsögn nóg eða þarf samþykki? Umsögn líklega nóg, og stjórn gefur þá umsögn og segir hvort tillaga sé í samræmi við SogV. Hinsvegar gæti verið rétt að breyta ákvæði í kafla 2.4. í SogV þannig: *Fullnaðarafgreiðsla sveitarstjórnar á skipulagstillögu er afgreidd í samræmi við skipulags- og byggingarlög. Geri sveitarstjórn breytingar á auglýstri skipulagstillögu, skal samþykki (eða umsögn) stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs einnig liggja fyrir við lokafgreiðslu sveitarstjórnar.*
- Gerð var athugasemd við undirkafla í kafla 2.4., um útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa. Vísað var til ákvæðis um útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við bráðabirgðaákvæði skipulags- og byggingarlaga og áréttað með vísun í bréf Skipulagsstofnunar að það eigi aðeins við um stakar framkvæmdir þegar deiliskipulag vanti en svæðis- eða aðalskipulag liggja fyrir. Rétt er að breyta ákvæðinu í tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlunar með tilliti til þessa.
- *(Björg ræðir við lögfr. Skipulagsstofnunar, til að taka af öll tvímæli).*
- Í athugasemd var vísað til orðalags í kafla 9.4.1., almennum ákvæðum um þjónustusvæði, þar sem segir að við gerð deiliskipulags og hönnun mannvirkja skuli notast við „bestu tækni til að sjá fyrir um útlit mannvirkja

og ásýnd svæða áður en ráðist er í framkvæmdir". Spurt var hver væri dómbær á hvað væri besta tækni. Hér er vísað í algengt orðalag sem gefur til kynna að á hverjum tíma sé það að vissu leyti huglægt mat hvað sé besta tækni, aðferðir eða nálgun við tiltekið viðfangsefni. Matið byggir á samfélagslegum viðmiðum og þeim tæknilegu lausnum eða aðferðum sem eru þekktar eða aðgengilegar á hverjum tíma. Í þessu ákvæði Stjórnunar- og verndaráætlunar er vísað til þess að nota eigi "nýjustu tækni" hverju sinni til að „máta“ fyrirhuguð mannvirki við það svæði, þar sem ætlunin er að staðsetja það, eða breyta umhverfinu á annan hátt. Hugsunin er sú, að t.d. megi á myndrænan hátt sýna hvernig mannvirki fellur að tilteknu umhverfi. Tölvutækni væri gjarnan beitt í þessu sambandi.

- Gerð var athugasemd um að ekki væri ástæða til að telja upp hvað eigi að koma fram í deiliskipulagsáætlunum enda sé það tilgreint í skipulags- og byggingarlögum. Stjórn þjóðgarðsins telur eðlilegt að Stjórnunar- og verndaráætlun sé leiðbeinandi fyrir deiliskipulagsgerð, með sama hætti og aðalskipulagi er ætlað að vera. Hluti af slíkri leiðsögn er að tilgreina, eftir því sem tilefni er til, hvaða efnisatriði taka beri fyrir sérstaklega, umfram almennar kröfur laga og reglugerða.

Athugasemdir um stjórnun og starfsfólk þjóðgarðsins

Forsendur valds þjóðgarðsvarða til lokunar og annarra ráðstafana sé óljóst sem og hvernig með það skuli farið svo tryggt sé að geðþótti ráði ekki för. Breytingar á áætlun komi illa við ferðabjónustuaðila sem selji ferðir með löngum fyrirvara. Gæta þurfi jafnræðis og veita upplýsingar um óvæntar ráðstafanir. Spurt er gestum sé skylt að fara að fyrirmælum undirmanna þjóðgarðsvarðar, svo sem landvarða? **Því er andmælt að starfsmenn þjóðgarðsins sinni störfum fyrir ferðabjónustuaðila svo sem við skálavörslu, gönguleiðsögn og aðra sölustarfsemi.**

Valdheimildir þjóðgarðsvarða eru ótvíræðar og koma fram í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð. Ráðstafanir á þeirra vegum, s.s. lokun svæða, krefjast rökstuðnings og eru bundnar við tilteknar aðstæður. Í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð er mælt fyrir um tímabundna lokun svæða fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Hún getur aðeins komið til í þeim tilvikum að landsvæði liggir undir skemmdum og talið sé nauðsynlegt að grípa til tafarlausra aðgerða. Aðgerðina þarf að rökstyðja og afmarka svæðið vandlega, sem og tímalengd lokunar. Auk þess þarf að auglýsa ákvörðunina í B-deild Stjórnartíðinda, í dagblöðum og á vefsíðu þjóðgarðsins. Ljóst er að bæði krafa um rökstuðning, afmörkun slíkra tilvika sem og ferlið, gerir ríkar kröfur til undirbúnings og málsmeðferðar allrar. Lokunarheimild 2. mgr. sömu greinar reglugerðarinnar, skal sömuleiðis kynna á staðnum ásamt skýringum og á vef þjóðgarðsins, sem og á næsta fundi svæðisráðs og stjórnar.

Lög um Vatnajökulsþjóðgarð heimila ráðningu starfsmanna þjóðgarðsins, sem eru þá undirmenn þjóðgarðsvarða. Gestum er skylt að fara að fyrirmælum undirmanna þjóðgarðsvarða, enda er hlutverk þeirra að framfylgja ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar og fyrirmælum þjóðgarðsvarða í samræmi við það. Starfsmenn þjóðgarðsins hafa hinsvegar ekki heimildir til að taka ákvarðanir til lokunar **svæða innan** þjóðgarðsins, nema þeir gegni starfi (s.s. staðgengilsstarfi) þjóðgarðsvarða, þar sem löggin binda ákvörðun um lokun við þjóðgarðsverði.

Bent er á að kafli 3.4 Stjórnsýsla um svæðiráð sé ekki í samræmi við 8. gr laga um Vatnajökulsþjóðgarð lið 3. Einnig er bent á að það sem kemur fram í 5. gr laganna um heimild stjórnar þjóðgarðsins til að ráða sér framkvæmdastjóra eða gera samning við aðra opinbera stofnun eða fyrirtæki um að annast daglegan rekstur og umsýslustjórnar vantar í Stjórnunar- og verndaráætlunina.

Á hinn bóginn kom fram brýning um að þjónustuhlutverk starfsmanna verði undirstrikað.

BÁ: Þetta er ekki stórt atriði, þ.e.a.s. það er fljótlegt að leiðrétta - orðalag kafans (í skjalinu stóra, S&V, verður fært sem mest að orðalagi laganna, eftir því sem ábendingar gefa tilefni til.

Brýning um að þjónustuhlutverk starfsmanna verði undirstrikað: smávegis orðalagsbreyting til að ná fram þessari „áferð“ eða brýningu, er alveg saklaust - má gera. (BÁ)

Skálar í einkaeign

Óskað er eftir því forsendur skálans í Gæsavötnum verði óbreyttar.

Í auglýstri tillögu er gert ráð fyrir því að samningur verði gerður við eiganda skálans sem skilgreini rétt almennings til afnota af honum.

Spurt er hvers vegna skáli við Sylgjufell sé ekki fjarlægður ef hann er ekki í samræmi við lög og reglur.

Stjórn þjóðgarðsins sér ekki ástæðu til að fjarlægja skála sem fyrir er, þótt forsendur hans séu vafasamar, heldur vill leita samstarfs við eigendur hans um framtíð skálans í samræmi við þá stefnu sem fram kemur í Stjórnunar- og verndaráætlun.

Hellar

Er ætlunin að banna ferðir í alla hella innan þjóðgarðsins án fylgdar?

Tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun verður breytt þannig að umferð sé leyfð um hella nema þá sem þarfnast sérstakrar verndar, t.d. hraunhella með viðkvæmum dropsteinum eða dropstráum. Um slíka hella megi þó heimila

umferð með leiðsögn í samræmi við reglur sem síðar verða gefnar út.

Víðerni

Ný skilgreining víðerna sé útpýnt og þau látin sýnast stærri án þess að vera það í raun og veru.

Umræðu vanti um endurheimt víðerna. [svar til nfst.](#)

Betur megi fjalla um akstur á snævi þakinni jörð, m.a. í tengslum við víðerni. Er t.d. jökullinn víðerni ef þar má aka? Fram kemur sú skoðun að skilgreining víðerna eins og hún er í Stjórnunar- og verndaráætlun, sé útpýnt þannig að víðerni sýnist stærri en þau í raun og veru eru. Umræðu vanti um endurheimt víðerna. Þjóðgarðurinn leggur áherslu á varðveislu víðerna og viðhald þeirra og skilgreinir því hugtakið um víðerni víðar en „ósnortin víðerni“ í náttúruverndarlögum, með það að markmiði að auka umfang þeirra svæða sem fái að þróast án álags af mannlegum umsvifum innan þjóðgarðsins. Þannig verða til stærri svæði en ella, sem stefnt er að að haldið verði mannvirkjalausum til framtíðar. Spurt er hvort jökullinn sé víðerni ef þar megi aka. Samkvæmt tillögum starfshóps umhverfisráðuneytisins um „ósnortin víðerni“ frá 1998, sem náttúruverndarlögin byggja á, var gert ráð fyrir takmörkuðum akstri á ósnortnum víðernum eins og frekast er kostur. Þeim tilmælum er fylgt hér að mestu, vegum fækkað og utanvegaakstur bannaður, þó heimilt sé að veita undanþágu fyrir utanvegaakstri í undantekningartilfellum. Akstur á snjó er þó almennt heimill, nema á nokkrum tilteknum svæðum. Með stefnu um fækkun vega í Vatnajökulsþjóðgarði, verða einnig til stærri svæði án mannvirkja en fyrir voru.

Aðgengi hreyfihamlaðra

Umfjöllun um aðgengi hreyfihamlaðra sé mjög takmörkuð.

Á fundi með ráðherra og aðstoðarmanni ráðherra 1. júlí var bent á að fjalla þyrfti betur um aðgengismál fatlaðra og stungið upp á því að samráð yrði haft við Öryrkjabandalagið.

Starfsmarkmið: Að fötluðum sé tryggt aðgengi að ákveðnum svæðum þjóðgarðsins

Þjóðgarðurinn þarf að leitast við að tryggja fötluðum aðgengi að tilteknum viðkomustöðum.

Meðal leiða til að tryggja aðgengi er að bjóða fötluðum afnot af tækjum, t.d. sérútbúnum hjólastólum, á völdum viðkomustöðum.

Ákveða þarf hvaða staðir skuli veita fötluðum aðgengi, flokka þarf staðina og merkja með viðurkenndum og samræmdum hætti.

Úr landnotkunarkafila: 9.3.6 Aðgengi hreyfihamlaðra/fatlaðra

Nauðsynlegt er að tryggja gott aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu á helstu þjónustusvæðum og að valdar gönguleiðir séu færar hreyfihömluðum, t.d. í hjólastól. Upplýsingum um aðgengi hreyfihamlaðra verði miðlað á greinargóðan hátt og í samræmi við viðurkennd flokkunarviðmið.

“Sal og blessuð Halldóra.

Þakka þér fyrir þennan post og vildum við svo gjarnan vera í samstarfi við ykkur um stefnumótun fyrir Vatnajökulsþjóðgarðinn.

Því er ekki að neita, að fram hefur komið hjá okkur á fundi áhyggjur af þessum ákvörðunum, og er okkur umhugað um að hreyfihamlaðir geti notið náttúruperla Íslands í sama mæli og aðrir íbúar landsins. Við höfum rætt þá skoðun að ekki eigi að takmarka enn frekar en þegar hefur verið gert umferð vélknúinna ökutækja um hálandið þar sem þetta er eini möguleiki hreyfihamlaðra til að njóta þeirra staða sem þeim hafa verið aðgengilegir undanfarna áratugi. Það hefur komið fram að fólki finnst felast mismunur sem ekki samrýmist almennri vitund og ekki heldur sáttmála Sameinuðu Þjóðanna að takmarka aðgengi að ýmsum perlum Íslands við fullfríska einstaklinga en meina hreyfihömluðum aðgengi að sömu stöðum.

Ég vildi aðeins að þessi skoðun kæmi hér fram í svári mínu til þín og af því sérd þú að það er kærkomið tækifæri fyrir okkur að fá fund með ykkur.

Við erum reyndar að fara í sumarfrí núna og skrifstofa Öryrkjabandalagsins verður lokuð fram yfir verslunarmannahelgi. Ég sendi ferlinefnd ÖBÍ jafnframt þetta svar mitt og getur þú sent tölvupóst ef mikið liggur við og Jón H. Jónsson sem er formaður nefndarinnar gæti þá haft samband við þig.

Með bestu kveðju. Guðríður Ólafsdóttir félagsmálafulltrúi ÖBÍ”

Anna Kristín, Þórður og Halldóra funda með Öryrkjabandalaginu, strax eftir Verslunarmannahelgi til að ræða ofangreint.

Stækkun þjóðgarðsins

Í athugasemdum var bent á allnokkur svæði sem talið var eðlilegt að féllu undir Vatnajökulsþjóðgarð. Einnig var spurt um stefnu þjóðgarðsins varðandi stækkun hans. Allar ákvarðanir varðandi stækkun þjóðgarðsins ásamt samningagerð sem henni tengist er á höndum umhverfisráðuneytisins. Stjórn þjóðgarðsins kemur því ekki beint að slíkum ákvörðunum en leggur áherslu á að rækja lögbundið hlutverk sitt á því svæði sem tilheyrir þjóðgarðinum hverju sinni.

Hjólreiðar

Svör liggja fyrir að hluta ofar í skjalinu - þarf að ljúka

Samtökin telja hjólreiðar umhverfisvænsta ferðamáta sem völ er á enda krefjast þær minni orku og valdi að jafnaði minna álagi á stígum en umferð fótgangandi. Sjaldnast sé því hægt að réttlæta takmörkun á hjólandi umferð þar sem gangandi umferð er leyfð. Samtökunum sé ókunnugt um að sýnt hafi verið fram á að göngustígar skaðist af hjólandi umferð og því eigi ekki að amast við henni. Reiðhjól tæti ekki upp jarðveg líkt og vélhjól eða bílar. Ástæðulaust sé að óttast umferð reiðhjóla þar sem land sé laust undir því þar skorti hjólreiðamanninn orku, aðeins sé hægt að hjóla þar sem fast sé undir. Banna megi umferð reiðhjóla eða krefjast þess að reiðhjól séu leidd í brekkum þar sem hraði getur

leitt til rofs eða slysaættu. Almenna reglan ætti því að vera sú að umferð reiðhjóla sé heimiluð á sömu leiðum og umferð gangandi. Bregðast megi við ef vandmál koma upp. Athugasemdir eru gerðar við eftirtalin atriði:

- Að hjólreiðum sé beint frá gróðri á Eyjabökkum þar sem gangandi umferð er heimil.
- Að hjólreiðar séu bannaðar utan afreittarveggar í Morsárdal.
- Að leiðir aðrar en tilteknir vegir séu sagðar lokaðar almennri umferð; nær væri að tala um almenna vélknúna umferð.
- Að í kafla um gönguleiðir sé tiltekið að gestum sé heimilt að fara hjólandi um þjóðgarðinn.
- Að tilgreint sé að umferð reiðhjóla sé heimil á göngustígum.
- Að heimild til að tjalda göngutjaldi til einnar nætur sé bundin við alla óvélknúna umferð.
- Að þjóðgarðsverðir loki leiðum skv. undantekningaheimild, t.d. í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum, án rökstuðnings.

Fornleifavernd

Bent var á staði þar sem ástæða er til að nefna samráð við Fornleifavernd - engar efnislegar athugasemdir.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs þakkar gagnlegar ábendingar og mun leitast við að fara eftir þeim í staðfestri útgáfu Stjórnunar- og verndaráætlunar.

Vegagerðin

vísast til svars um lokunarheimildir þjóðgarðsvarða hér að ofan. Tel að lokunarheimildin í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð, sem fjallar um lokun svæða, undanskilji ekki lokun vega við þær þröngu aðstæður sem lagaákvæðið geymir (15. gr. laganna og 32. gr. reglug.) Lögin um VJÞ eru sérlög og ekkert í þeim bendir til þess að nokkuð landsvæði sé undanskilið, þar með taldir vegir. Þó þarf að hafa fyrirvara á eignarlöndum. Æskilegt er þó að komi til lokunar á þjóðvegum, þá sé það gert í samráði við Vegagerðina.

